

Fimmtudaginn 19. september 1996.

Nr. 325/1995.

**Pórunn Magnúsdóttir og
Heiðrún Ósk Sigfúsdóttir**

(Einar Gautur Steingrímsson hdl.)

gegn

Kjartani Reyni Ólafssyni

(Magnús Thoroddsen hrl.)

Frávísun frá héraðsdómi. Vextir. Lögmenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 29. september 1995. Þær krefjast þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar, en til vara, að stefnda verði gert að greiða þeim 1.239.397 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 6. apríl 1993 til greiðsludags. Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að kröfu áfrýjenda um ómerkingu verði hrundið og héraðsdómur staðfestur. Hann krefst einnig málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Áfrýjendur reisa kröfu sína um ómerkingu héraðsdóms einkum á því, að héraðsdómari hafi látið hjá líða að taka afstöðu til kröfuliðar þeirra á hendur stefnda vegna reiknings, að fjárhæð 151.476 krónur, sem áfrýjendur greiddu lögmanni sínum vegna vinnu hans í tengslum við undirbúning málsins.

Kostnaðurinn, sem áfrýjendur hafa borið vegna framangreinds reiknings, verður talinn til málskostnaðar, sbr. g-lið 1. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Með hinum áfrýjaða dómi var hver aðili látinn bera sinn kostnað af málinu. Héraðsdómari hefur þar með tekið nægilega afstöðu til þessa kröfuliðar áfrýjenda.

Samkvæmt þessu verður ekki fallist á kröfu áfrýjenda um ómerk-

ingu héraðsdóms, enda þykja önnur rök, sem þær færa fram til stuðnings kröfunni, ekki haldbær.

II.

Eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, veitti áfrýjandinn Þórunn stefnda umboð 14. september 1989 til að ljúka uppgjöri vegna hjónaskilnaðar áfrýjandans svo og til að koma fram fyrir hennar hönd við kaup og sölu tiltekinna fasteigna, þar á meðal að taka við og inna af hendi greiðslur í því sambandi. Eftir ítrekaðar kröfur áfrýjandans afhenti stefndi uppgjör vegna þessarar umsýslu í þágu áfrýjendanna beggja með bréfi 2. apríl 1993, en því fylgdi greiðsla á 1.596.924 krónum, sem stefndi taldi vera alla inneign áfrýjendanna hjá sér. Samkvæmt gögnum þessum kvaðst stefndi reikna í uppgjöriinu með vöxtum handa áfrýjandanum Þórunni, sem svöruðu til meðtalsinnlánsvaxta af sparisjóðsbókum af fjármunum hennar í vörslum hans frá 10. apríl 1990 til uppgjörsdags, en af fjármunum áfrýjandans Heiðrúnar kvaðst stefndi reikna verðbætur og vexti, svo sem þeir hefðu staðið á verðtryggðum bankareikningi, án þess að tilgreint sé, frá hvaða tíma.

Í málinu leita áfrýjendur dóms um skyldu stefnda til að greiða þeim 1.087.921 krónu, en fjárhæð þessa kveða þær samsvara annars vegar vöxtum samkvæmt 5. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 af fjármunum þeirra í vörslum stefnda frá upphafi starfa hans í þjónustu þeirra til 1. maí 1991 og hins vegar dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim tíma til 6. apríl 1993, þegar stefndi innti af hendi fyrrnefnda greiðslu. Þá krefjast áfrýjendur enn fremur úr hendi stefnda fjárhæðar áðurgreinds reiknings, 151.476 króna, en samtals eru þessir liðir kröfufjárhæð áfrýjenda í málinu.

III.

Áfrýjendur hafa engar sönnur færð fyrir þeirri staðhæfingu sinni, að stefndi hafi nýtt sér í eigin þágu fé þeirra, sem hann hafði undir höndum á hverjum tíma. Eru því ekki efni til að fallast á það með áfrýjendum, að stefnda beri að greiða þeim vexti af fénu samkvæmt 5. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, eins og um peningalán til hans hefði verið að ræða, fyrir tímabilið fram að því, að áfrýjendur kröfðust skila úr hendi hans. Þar sem áfrýjendur hafa ekki hnekkð þeirri staðhæf-

ingu stefnda, að eins og atvikum var háttað, hafi ekki verið unnt að afla hagstæðari ávöxtunar af fé þeirra á þessu tímabili en hann reiknaði þeim með fyrrgreindu uppgjöri, er ekki unnt að taka til greina kröfur áfrýjenda að þessu leyti.

Samkvæmt gögnum málsins var stefndi ekki sannanlega krafinn um lokauppgjör við áfrýjendur fyrr en með bréfi lögmanns þeirra 6. febrúar 1992. Stefnda bar að verða þá við kröfu áfrýjenda um að ljúka reikningsskilum og greiðslum til þeirra án ástæðulauss dráttar. Þar sem stefndi hefur ekki sýnt fram á, að nein hindrun hafi staðið slíkum skilum í vegi, verður að telja áfrýjendur eiga rétt til dráttarvaxta af fjármunum sínum í vörslum stefnda, frá því að mánuður var liðinn frá fyrrgreindum degi. Eins og gögn málsins liggja fyrir, er ekki unnt að finna fjárhæð slíkra vaxta til að fella efnisdóm á kröfur áfrýjenda að þessu leyti, auk þess sem í málalögunni á þessum áttunda á milli krafna hvorrar þeirra fyrir sig. Er því óhjákvæmilegt að fella úr gildi hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Rétt þykir, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 10. júlí 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. júní sl., er höfðað með stefnu, út gefinni 29. nóvember sl. og birtri 10. desember sl.

Stefnendur eru Þórunn Magnúsdóttir, kt. 040643-7619, Jörfabakka 4, Reykjavík, og ólögráða dóttir hennar, Heiðrún Ósk Sigfúsdóttir, kt. 271179-3839, sama stað.

Stefndi er Kjartan Reynir Ólafsson hæstaréttarlögmaður, kt. 280638-3749, Háaleitisbraut 68, Reykjavík.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að stefnda verði gert að greiða stefnendum 1.239.397 kr. með dráttarvöxtum skv. 10. gr., sbr. 12. gr. vaxtalaga, frá 6. apríl 1993 til greiðsludags. Þá krefjast stefnendur málkostnaðar að skaðlausu og benda á, að þær eru ekki virðisaukaskattsskyldar og þurfi því að fararhæfan dóm fyrir skattinum.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda og þær dæmdar in solidum til þess að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Málavextir eru þeir, að 14. september 1989 gaf stefnandi Þórunn stefnda fullt og ótakmarkað umboð til þess að gæta hagsmuna sinna og koma fram fyrir sína hönd vegna lokauppgjörs á skilnaðarmáli sínu og Sigfúsar Þórs Elíassonar. Umboðið náði jafnframt til þess að gæta hagsmuna hennar vegna sölu á eignarhluta hennar í fasteigninni nr. 16 við Bjarmaland hér í borg og kaupa hennar á fjögurra herbergja íbúð að Jörfabakka 4 hér í borg. Í umboðinu fólst réttur til að taka á móti greiðslum vegna framangreindrar sölu og annast greiðslur vegna íbúðarkaupanna, undirritun allra nauðsynlegra skjala og eignaumsýslu, þar á meðal að annast kaup bankatryggðra skuldabréfa. Gögn málsins sýna, að slík bréf voru keypt 14. september 1989, og var nafnverð þeirra 800.000 krónur.

Við skilnaðinn var tekin ákvörðun um, að annar stefnenda, Heiðrún Ósk (dóttir Þórunnar og Sigfúsar) fengi í sinn hlut 1/6 af matsverði Bjarmalands 16, og átti að leggja fé hennar inn á verðtryggðan reikning og geyma til átján ára aldurs hennar. Stefnendur hafa lýst yfir, að ekki sé gerður greinarmunur á fé þeirra, og munu þær ganga frá uppgjöri sín á milli.

Stefnandi Þórunn hefur haldið því fram, að hún hafi hvað eftir annað reynt að fá uppperða hjá stefnda þá fjármuni, sem hann hafi tekið við fyrir hennar hönd, og fá skilagrein. Segist stefnandi hafa krafist uppgjörs í maí 1991 án árangurs, og 9. janúar 1992 var stefnda ritað bréf og honum þar tilkynnt, að annar yrði fenginn til innheimtu á uppgjörinu. Var þá ráðist í að kanna bókhald stefnda, og leiddi sú könnun til þess, að skýringar fengust á uppgjöri og fjárstreymi, sem aðilar sættu sig við.

Samkvæmt gögnum málsins sá stefndi um fjárstreymi í þágu stefnenda frá 14. september 1989 til 7. febrúar 1992. Þar kemur meðal annars fram, að stefnandi Þórunn fékk nokkrum sinnum greiðslur úr sjóði sínum, síðast 7. febrúar 1992. Reis síðan ágreiningur með aðilum um það, hvaða vexti stefnda bæri að greiða stefnendum af vörslufé, og urðu nokkur bréfaskipti með þeim af þeim sökum. Með bréfi, dagsettu 2. apríl 1993, sendi stefndi stefnendum ávísun, að fjárhæð 1.596.924 kr., sem uppgjör vegna lögfræðistarfa sinna og umsýslu. Skyldi í hlut stefnanda Þórunnar koma 431.272 kr., og var við vaxtaútreikning og lokauppgjör miðað við meðaltal innlánsvaxta sparisjóðsbóka tímabilið 10. apríl 1990 til 1. apríl 1993 samkvæmt útreikningi Seðlabanka Íslands. Í hlut stefnanda Heiðrúnar Óskar komu 1.165.652 kr., og var miðað við lánskjaravísitölu og meðalvexti banka og sparisjóða auk meðalvaxta sparisjóðsbóka. Stefnendur hafa hins vegar krafist dráttarvaxta af vörslufé stefnda, og sundurliðast kröfur þeirra þannig:

Skuld stefnda við stefndur 1. 5. 1991	kr.	1.977.937
Greiðslur til stefnda eftir 1. 5. 1991	–	1.350.000
Innborgað 13. 5. 1991	(–	100.000)
Innborgað 7. 8. 1991	(–	311.683)
Innborgað 14. 11. 1991	(–	100.000)
Innborgað 7. 2. 1992	(–	672.391)
Innborgað 9. 9. 1992 fyrir atbeina lögm. stefnenda	(–	500.000)
	Samtals	kr. 1.644.028(?)
Drv. frá 1. 5. 1991 til 6. 4. 1993	kr.	1.040.817
	Samtals	kr. 2.684.845
Innborgað 6. 4. 1993	(–	1.596.924)
	Samtals	kr. 1.087.921
Reikningur lögm. stefnenda	–	151.476
	Samtals	kr. 1.239.397

Málsástæður og lagarök.

Stefndur reisa kröfur sínar á því, að stefndi hafi ekki mátt blanda fé stefnenda saman við eigið fé sitt með þeim afleiðingum, að hann þurfi að greiða þeim dráttarvexti af inneigninni frá þeim tíma, sem hann brá út af.

Stefndur halda því einnig fram, að stefnda hafi borið að útvega stefnendum hæstu vexti, sem völ var á í þeim flokki ávöxtunar, er hann mat skynsamlegast að nýta í þágu stefnenda. Beri hann bótaábyrgð, þar sem hann brá út af á saknæman hátt með því að lána sjálfum sér fjármuni með lægri ávöxtun en unnt var að ná í sambærilegum viðskiptum á verðbréfa-markaði. Bætur þannig reiknaðar séu ekki lægri en kröfur stefnenda í þessu máli.

Þá benda stefndur á með vísan til undirstöðuraka 5. gr. vaxtalaga, að stefnda hafi borið að greiða vexti af kröfum stefnenda á hendur sér, sem ekki gætu verið lægri en vegið meðaltal vaxta banka og sparisjóða. Þá er þess einnig krafist, að hvernig sem á málin sé litið, hljóti stefndur að eiga rétt til dráttarvaxta frá 1. 5. 1991, þar sem þá var margsinnis búið að biðja um uppgjör, sbr. m. a. undirstöðurök 15. gr. vaxtalaga.

Stefndi hefur talið sér óskýlt að greiða dráttarvexti, heldur hafi hann í uppgjöri sínu miðað vaxtaútreikning í lokauppgjöri til stefnandans Þórunnar við meðalinnlánsvexti á sparisjóðsbókum, en gagnvart stefnandanum Heiðrúnu Ósk hefur stefndi miðað við lánskjaravísitölu og meðalvexti banka og sparisjóða. Taldi stefndi sig því að fullu hafa gert upp við stefn-

endur vegna eignaumsýslu þeirrar, er hann hafði með höndum, og eigi þær engar frekari kröfur á hendur sér. Þá vísaði stefndi í greinargerð sinni til dóms Hæstaréttar frá árinu 1966, bls. 287, og við munnlegan flutning málsins taldi hann dóminn hafa fordæmisgildi í þessu máli, og hafi þar myndast réttarvenja um útreikning vaxta, sem hafi ekki verið vikið til hliðar, og sé því um gildandi rétt að ræða. Stefndi vísaði til ákvæða 3. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, þar sem segir, að ákvæði II. og III. kafla laganna gildi því aðeins, að ekki leiði annað af lögum, samningum eða venju.

Við munnlegan flutning málsins lýstu aðilar yfir því, að hvorki væri ágreiningur um tölur né greiðsludaga í málinu og að ágreiningur þeirra væri einvörðungu það, hvaða vexti stefnda bæri að greiða.

Við aðalmeðferð málsins komu fyrir dóminn til skýrslugjafar stefnandi Þórunn Magnúsdóttir og stefndi, Kjartan Reynir Ólafsson. Þá kom fyrir dóminn sem vitni Kristján Gissurarson, kt. 260446-3989, eiginmaður stefnanda Þórunnar.

Forsendur og niðurstaða.

Í máli þessu er einungis ágreiningur með aðilum um það, hvaða vexti stefnda beri að greiða af vörslufé, en eins og stefna er úr garði gerð, verður einvörðungu leyst úr því ágreiningsatriði, hvort stefnda beri að greiða dráttarvexti, eins og stefnendur hafa krafist.

Stefndi tók að sér umfangsmikil lögmannsstörf fyrir stefnendur, og samkvæmt gögnum málsins sá stefndi um fjárstreymi í þágu stefnenda frá 14. september 1989 til 7. febrúar 1992. Verður að telja, að þá hafi störfum stefnda í þágu stefnenda lokið, en þá reis ágreiningur með þeim um vaxta-útreikning, og stóðu þeir í bréfaskiptum vegna þess. Ekkert samkomulag varð með aðilum um greiðslu vaxta af vörslufé, og verður því með vísan til 3. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 að leysa úr því, hvort lagareglur eða venja standi til, að dráttarvextir verði reiknaðir. Í lögum um málflytjendur nr. 61/1942 voru á þeim tíma, er mál þetta snýst um, ekki ákvæði um meðferð vörslufjár. Með lögum nr. 24/1995, sem tóku gildi 9. mars sl., var 7. gr. laganna breytt, og í 3. mgr. sömu greinar er sú skylda lögð á lögmann að halda fjármunum, sem hann tekur við fyrir hönd skjólstæðings síns, aðgreindum frá eigin fé. Skulu þeir varðveittir á sérstökum reikningi, vörslufjárreikningi. Setur Lögmannafélag Íslands reglur um slíka reikninga, og eru þeir háðir staðfestingu ráðherra. Samkvæmt siðareglum lögmannafélagsins ber lögmanni að halda fjármunum skjólstæðinga sinna aðgreindum frá eigin fé, en engin ákvæði eru um meðferð vörslufjárins.

Ösannað er, að stefndi hafi blandað fé stefnenda við eigið fé sitt eða nýtt

sér fjármuni þeirra í eigin þágu. Verður því ekki talið, að við meðferð stefnda á fjármunum stefnenda hafi stofnast til slíks réttarsambands milli þeirra, að ákvæði vaxtalaga um dráttarvexti eigi við lögskipti þeirra.

Í dómi Hæstaréttar Íslands frá árinu 1966, bls. 287, er á því byggt, að reglur þágildandi 5. gr. laga nr. 58/1960 um dráttarvexti eigi ekki við um vexti af fé, er lögmaður varðveitti fyrir skjólstæðing sinn. Hefur stefndi haldið því fram, að dómur þessi hafi fordæmisgildi og með honum myndast venja um útreikning vaxta af vörslufé lögmanna. Af hálfu stefnenda hefur þessari fullyrðingu ekki verið mótmælt, en við munnlegan flutning málsins benti lögmaður stefnenda á, að umræddur dómur væri reistur á lögum nr. 58/1960, sem afnumdir voru með vaxtalögum nr. 25/1987.

Þegar framanritað er virt, bar að fallast á þá málsástæðu stefnda, að ekki verði annað leitt af venjum þeim, er gilda um meðferð lögmanna á vörslufé skjólstæðinga sinna, en að dráttarvexti skuli ekki reikna. Verður niðurstaðan því samkvæmt framansögðu sú, að stefndi er sýknaður af öllum kröfum stefnenda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Kjartan Reynir Ólafsson, skal vera sýkn af kröfum stefnenda, Þórunnar Magnúsdóttur og Heiðrúnar Óskar Sigfúsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
